



Nefnasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 16.11.2020

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um Reykjavíkurlugvöll, 39. mál.

Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS) hefur mótttekið beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn um tillögu til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurlugvallar, 39. mál.

Í ályktuninni kemur fram að efnt skuli til þjóðaratkvæðagreiðslu og spurt hvort flugvöllur og miðstöð innanlands- og sjúkraflugs skuli vera áfram í Vatnsmýrinni.

Eins og fram kemur í greinagerð í tillögu um til þingsályktunar nr. 39 að flugvöllurinn í Vatnsmýrinni gegnir lykilhlutverki í sjúkra- og neyðarflugi og er ein helsta tenging utan Suðvesturhornsins við Landspítalann. Það er stefna stjórnvalda að reka einungis eitt hátæknisjúkrahús og að það skuli staðsett við Hringbraut í Reykjavík.

Það er mat Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna að út frá þjóðaröryggi þurfi að tryggja beint aðgengi að eina hátæknisjúkrahúsi landsmanna með skilvirkum hætti. Það aðgengi má ekki takmarka með neinum hætti og því mikilvægt að flugvöllurinn sé staðsettur þannig að unt sé að veita fullnægjandi heilbrigðisþjónustu fyrir alla landsmenn. Þannig verði tryggt að sjúkraflug verði stystum viðbragðstíma og öruggt fyrir þá sem þurfa á þeirri þjónustu að halda. Á þessum forsendum telur LSS mikilvægt að flugvöllurinn verði áfram í Vatnsmýrinni.

Með kveðju,

Magnús Smári Smáráson,
Formaður.